

Nr. 1/1993.

Föstudaginn 12. mars 1993.

**Alþýðusamband Íslands  
f.h. Félags framreiðslumanna**

(Brynjar Nielsson hdl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands  
f.h. Sambands veitinga- og gistihúsa  
vegna Hótel Lofhleða**

(Jón H. Magnússon hdl.)

Kjarasamningur. Ófaglært starfsfólk. Iðnréttindi.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem dómtekið var 16. febrúar sl., höfðaði Alþýðusamband Íslands f.h. Félags framreiðslumanna, Óðinsgötu 7, Reykjavík, fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinn 4. janúar sl., gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Sambands veitinga- og gistihúsa, Garðastræti 42, vegna Hótel Lofhleða, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að dæmt verði, að stefndi hafi brotið gegn ákvæði greinar 5.1, gildandi kjarasamnings milli Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sambands veitinga- og gistihúsa og Félags framreiðslumanna, með því að hafa ófaglært starfsfólk við framreiðslustörf án samþykkis Félags framreiðslumanna.
2. Að viðurkennt verði, að í iðn framreiðslumanna felist framreiðsla á öllum veitingum fyrir gesti sem á boðstólum eru á hótélum, veitingahúsum og öðrum þeim stöðum sem framreiðsla fer fram í atvinnuskyni.
3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að við ákvörðun á fjárhæð málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóm til skýrslugjafar þau Þórunn Reynisdóttir hóteltjóri á Hótel Loftleiðum og Haraldur Örn Tómasson framreiðslumaður.

#### *Málavextir.*

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að viðræður hafi verið í gangi milli aðila um fastlaunasamninga og endurskoðun á þjónustugjaldi. Ekki hafi náðst samkomulag milli aðila. Stefndi hafi sagt öllum faglærðum framreiðslumönnum upp störfum 1. september sl. Hafi þeir haft mismunandi langan uppsagnarfrest, frá einum upp í þrjú mánuði. Áður en uppsagnirnar komu til hafi 8 framreiðslumenn starfað við framreiðslu hjá stefnda auk 4 nema í framreiðslu þeim til aðstoðar. Einnig hafi starfað hjá stefnda 2 veitingastjórar sem eru félagsmenn í Félagi framreiðslumanna. Af framreiðslumönnum hafi aðeins 3 verið endurráðnir þar af báðir veitingastjórnarnir. Störf þeirra sem sagt var upp séu nú unnin af ófaglærðu starfsfólki stefnda án tilskilinna leyfa frá Félagi framreiðslumanna.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst á þá leið, að verulegt tap hafi verið á veitingastarfsemi Hótel Loftleiða og á árinu 1992 hafi verið unnið að því að leita leiða til endurskipulagningar rekstursins og lækunar kostnaðar. Tekjur hafi dregist verulega saman og ekki hafi verið útlit fyrir betri tíð á næstunni. Vorið 1992 hafi nýr hóteltjóri tekið við og um sumarið hafi hann rætt við starfsmenn eina og sér og í hópum um ástand og horfur í rekstri hótelsins. Meðal annars hafi verið haldinn hópfundur með framreiðslumönnum hótelsins í lok ágúst. Einn framreiðslumanna hafi skrifað minnisblað sem lagt hefur verið fram um fundinn. Ónákvæmt orðalag í niðurlagi minnisblaðsins, sem eignað var hóteltjóranum, hafi verið notað sem tylli-ástæða til þess að slíta viðræðum við Samband veitinga- og gisti-húsa. Á þessum tíma hafi stjórnendur Hótel Loftleiða þegar tekið um það ákvörðun að breyta rekstrarfyrirkomulagi og/eða hætta veitingarekstri fyrir eigin reikning. Með tilliti til þess hafi verið talið rétt og eðlilegt að segja framreiðslumönnum upp störfum, þar sem þeir áttu allt að þriggja mánaða uppsagnarfrest og yrði á þeim tíma tekin ákvörðun um það hvert framhaldið yrði. Haldnir hafi verið nokkrir fundir með fulltrúum Félags framreiðslumanna, en þeir hafi ekki leitt til neinnar niðurstöðu, þar sem fulltrúar stéttarfélagsins voru ekki tilbúnir til að ræða um neitt annað en að krefjast þess að uppsagnir yrðu dregnar til baka.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á gildandi kjarasamningi aðila. Þar segir í V. kafla grein 5.1. að veitingahúsum sé óheimilt að hafa aðra við framreiðslu en þá, sem séu fullgildir meðlimir í Félagi framreiðslumanna, nema að fengnu leyfi félagsins. Samkvæmt þessu ákvæði kjarasamningsins njóti félagar í Félagi framreiðslumanna sammingsbundins forgangsréttar til framreiðslustarfa. Að segja fag-lærðum framreiðslumönnum, sem eru félagar í Félagi framreiðslu-manna, upp störfum og fela ófaglærðu fólki að sinna þeim störfum, sem þeir áður unnu, telur stefnandi ótvírætt brot á framangreindu forgangsréttarákvæði kjarasamningsins sem í gildi sé á milli aðila.

Í þessu sambandi sé nauðsynlegt að fá úr því skorið hvað felist í framreiðslustörfum. Hér vísar stefnandi fyrst og fremst í upphaf til-lögu að námsskrá í framreiðsluiðn fyrir Hótel- og veitingaskóla Ís-lands, sem m.a. sé undirrituð af formanni Félags Veitinga og gisti-húsa, en námsskrá þessi hefur nú verið staðfest af menntamálaráðu-neytinu.

Stefnandi telur það engu breyta þó að ófaglærðir hafi unnið við iðnina að einhverju leyti sem aðstoðarmenn framreiðslumanna. Í iðnaðarlögum 8. gr. sé gert ráð fyrir því að ófaglært starfsfólk geti unnið við iðnaðarstörf undir stjórn iðnaðarmanns þegar sérstaklega stendur á og þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni. Í þessu felist ekki að stefndi geti breytt skilgreiningu á framreiðsluiðn vegna þess að ófaglært starfsfólk hafi unnið þessi störf að einhverju leyti und-anfarin ár.

Um lagarök vísar stefnandi aðallega til gildandi kjarasamnings milli málsaðila, laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og iðnaðarlög nr. 42/1978. Einnig er vísað til dóma Félagsdóms.

Við munnlegan málf lutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda að dómkrafa skv. lið 2 væri lögð fyrir dóminn skv. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

*Málsástæður og rökstuðningur stefnda.*

Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu að brotið hafi verið gegn forgangsréttarákvæði kjarasamnings framreiðslumanna með því að segja framreiðslumönnum upp störfum og fela ófaglærðu fólki að sinna þeim störfum sem þeir faglærðu sinntu áður.

Áður en endurskipulagning á rekstri veitingastarfsemi stefnda fór fram, þá hafi hún skipst í 4 vinnusvæði og hafi verkaskipting verið

stífl, þ.e. framreiðslumenn hafi ekki farið á milli vinnusvæða. Nánar tiltekið hafi skiptingin verið þessi: 1) Víkingasalur, 2) Blómasalur, 3) Lón og 4) Herbergjapjónusta (Room service) og ráðstefnusalir.

Í Víkingasal og Blómasal hafi samtals starfað 8 framreiðslumenn. Í Blómasal, þar sem afgreitt var af matseðli og gestum þjónað til borðs, hafi 6 framreiðslumenn starfað auk nema og ófaglærðra. Þrír framreiðslumenn og framreiðslunemi hafi verið á vakt í einu. Þessir 8 framreiðslumenn hafi skipt með sér störfum þannig, að 6 voru í Blómasal og 2 í Víkingasal tvo mánuði í senn og svo hafi þetta gengið hringinn. Í Víkingasal hafi tveir framreiðslumenn verið og framreiðslunemi og hafi þeir kallað til ófaglært aðstoðarfólk til viðbótar eftir þörfum hverju sinni. Þeir ófaglærðu, sem unnu í Lóninu, hafi oft unnið í aukavinnu hjá framreiðslumönnum í Víkingasal, í veislum á kvöldin og um helgar. Framreiðslumenn hafi ekki farið á milli sala, þ.e. framreiðslumenn hafi setið og beðið í hléum, en ekki komið til starfa í hinum salnum þó að þar væri þörf. Í Lóni hafi verið boðið upp á hlaðborð og matseðil dagsins og ófaglærðir starfsmenn hafi sinnt gestum þar, undir eftirliti veitingastjóra. Ófaglærðir hafi sinnt bæði afgreiðslu veitinga á herbergi og til ráðstefnugesta.

Lokun Blómasalar hafi leitt til fækkunar framreiðslumanna. Eftir breytinguna séu hverju sinni 1–2 framreiðslumenn á vakt í Lóni, auk nema og ófaglærðra. Sé þar um að ræða aukningu faglærðra í þeirri deild frá því sem áður var. Þegar erfidrykkjur eða veislur eru í Víkingasal, þá starfi þar framreiðslumenn, namar og aðstoðarfólk, eins og áður.

Stefndi sé með þrjá fastráðna framreiðslumenn í sinni þjónustu og bæti við framreiðslumönnum eftir þörfum, einkum í veislur í Víkingasal. Ekki verði annað séð en að það sé í fullu samræmi við grein 5.1. í framlögðum kjarasamningi. Í greinum 5.2. og 5.3. í sama samningi sé gert ráð fyrir því að til viðbótar séu namar og aðstoðarfólk. Samkvæmt áratuga venju hafi ófaglært fólk unnið jöfnum höndum við afgreiðslu á mat og drykk í veitingahúsum á Íslandi. Félög ófaglærða fólksins hafi um langan aldur haft kjarasamning um framreiðslu og afgreiðslustörf.

Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu að stefndi hafi brotið gegn 5. kafla kjarasamnings framreiðslumanna og ákvæðum 8. gr. laga nr. 42/1978.

Vegna tilvísunar stefnanda til ákvæða greinar 5.1. í kjarasamningi

um leyfisveitingar Félags framreiðslumanna til ráðninga ófaglærðra til framreiðslustarfa er skorað á stefnanda að upplýsa hve margar leyfisveitingar hafa verið á undanförunum 10 árum og hvers eðlis þær hafa verið, m.a. hvort iðnlærðir framreiðslumenn hafi verið fyrir á þeim stöðum sem sótt kunna að hafa um leyfi.

Um kröfu 2. Stefndi telur kröfu þessa óljósa og vanreifaða. Krafan sé byggð á dskj. 4, sem sé tillaga að námskrá í framreiðsluiðn fyrir Hótel- og veitingaskóla Íslands. Vafasamt verði að teljast að krafa þessi geti fallið undir úrlausn hins reglulega Félagsdóms, með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 44. gr., sbr. 3. mgr. (sic) 39. gr. laga nr. 80/1938. Í kröfu þessari virðist felast, að framreiðslumenn séu nú að gera kröfu til starfa, sem þeir hafi aldrei sinnt áður. Framreiðslumenn hafi ekki viljað vinna á kaffibörum og sjálfsafgreiðslustöðum, en virðist nú m.a. gera kröfu til starfa þar. Í Félagi starfsfólks í veitingahúsum (FSV), sem er félag ófaglærðra starfsmanna í veitingahúsum á stór Reykjavíkursvæðinu, séu um 900 félagsmenn. Í Félagi framreiðslumanna (FF), sem er landsfélag, séu rösklega 100 félagsmenn. FF virðist vera að gera kröfu til þess að taka yfir störf stórs hluta félagsmanna FSV og félagsmanna annarra stéttarféлага ófaglærðra úti um land, sem sinnt hafa framreiðslu og afgreiðslu á mat-sölustöðum.

#### *Niðurstaða.*

Á sl. hausti var 10 framreiðslumönnum sagt upp á Hótel Loftleiðum, en þrír þeirra voru síðan endurráðnir. Þessi fækkun framreiðslumanna átti sér stað sökum samdráttar í rekstri og hagræðingar að sögn stefnda. Stefndi telur þessar uppsagnir mun viðtækari en samdrátturinn gefi tilefni til og því sé augljóst að ófaglært fólk sinni nú hluta af þeim störfum sem framreiðslumennirnir gegndu áður. Jafnframt telur stefndi að hér sé um að ræða brot gegn grein 5.1. í kjarasamningi aðila, en þar er fram tekið að veitingahúsum sé óheimilt að hafa aðra við framreiðslu en þá, sem séu fullgildir félagar í Félagi framreiðslumanna, nema að fengnu leyfi félagsins.

Á hinn bóginn segir stefndi að framreiðslumennirnir þrír, sem gegna áfram störfum, vinni nú til muna lengri vinnudag en áður auk þess sem lausráðnir framreiðslumenn starfi við veitingareksturinn þegar á þurfi að halda. Í Blómasalnum hafi áður starfað sex framreiðslumenn fyrir breytingarnar en nú sé rekstri þar hætt. Stefndi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að ófaglært fólk sinni nú

þeim störfum sem faglærðir sinntu áður enda hafi ófaglærðu starfsfólki við reksturinn einnig fækkað í kjölfar uppsagna til framreiðslumanna.

Í grein 5.2. í kjarasamningi aðila segir að framreiðslumenn skuli fá samþykki veitingamanns fyrir fjölda aðstoðarfólks og vinnutíma þess og ennfremur að aðstoðarfólk skuli ráðið á laun samkvæmt kjarasamningi Félags starfsfólks í veitingahúsum, en í þeim samningi er meðal annars gert ráð fyrir störfum við framreiðslu. Þá er í grein 2.1. í kjarasamningi aðila fjallað um uppgjör til framreiðslumanna að frádregnum greiðslum til nema og aðstoðarfólks. Þessi tvö samningsatriði sýna að það eru að jafnaði framreiðslumenn en ekki veitingastaðirnir sem ráða aðstoðarfólkið og greiða því laun.

Stefnandi hefir hvorki tilgreint þá ófaglærðu starfsmenn, sem eiga að hafa gengið inn í störf framreiðslumanna né hvar á vinnusvæðinu þeir starfi eða hverskonar framreiðslustörf þeir inni af hendi nánar tiltekið. Með þetta í huga ásamt hinu sérstaka vinnusambandi framreiðslumanna og aðstoðarfólks, sem að framan er lýst, telur dómurinn ósannað að stefndi hafi brotið gegn grein 5.1. í gildandi kjarasamningi aðila og því ber að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Um kröfulið 2.

Undir þessum lið gerir stefnandi kröfu um viðurkenningu á því að í iðn framreiðslumanna felist framreiðsla á öllum veitingum fyrir gesti, sem á boðstólum eru á hótelum, veitingahúsum og öðrum þeim stöðum þar sem framreiðsla fer fram í atvinnuskyni. Þessi krafa er lögð fyrir dóminn sem ágreiningur um skilning á kjarasamningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Í kjarasamningi aðila er hins vegar ekki að finna neina almenna skilgreiningu á framreiðslustörfum, enda ræðst umfang iðnréttinda ekki af kjarasamningum. Svo viðtæk og afdráttarlaus krafa um hvað felist í iðn framreiðslumanna eins og hér er gerð verður ekki til lykta leidd án atbeina þeirra stjórnvalda, sem fara með mál löggiltra iðngreina.

Framangreindar ástæður hafa það í för með sér að kröfunni verður að vísa frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Sambands veitinga- og gistihúsa vegna Hótels Loftleiða, skal vera sýkn af

fyrsta kröfulið stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Félags framreiðslumanna, í máli þessu.

Öðrum kröfulið stefnanda er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

---